

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar fyrir 2014-2017 samþykkt á 160. fundi.

Fjárhagsáætlun Hvalfjarðarsveitar fyrir árin **fyrir 2014-2017** var tekin til síðari umræðu og afgreiðslu þann 26. nóvember.


Áætlunin byggir að hluta til á upplýsingum frá Fjármálaráðstefnu Sveitarfélaganna og þeim gögnum sem þar voru lögð fram. Jafnframt er horft til spár um 3,5.% hækkunar skv. Seðlabanka Íslands. Fjárhagsáætlunin byggir á útsvarstekjum samkvæmt áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga, uppfærðum fasteignagjaldastofni frá áætlun ársins 2013 og afstemmdu 8 mánaða árshlutauppgjöri ogþjóðhagsspa sem birt var í nóvember.

Ákvörðun um óbreytt útsvar $12.44\% + 1.20\% = 13.64\%$

Við gerð áætlunarinnar var forstöðumönnum sem og forsvarsmönnum nefnda gert að koma með tillögur og gengið var út frá hagræðingu í rekstri, lágmarka kostnað og bæta rekstrarniðurstöðu. Leiðbeinandi launahækkanir við áætlunargerðina eru hækkun heildarlauna sem er bundin samkvæmt kjarasamningum en samningar eru lausir á árinu 2014.

Aðrar forsendur sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar við gerð fjárhagsáætlunar 2014 – 2017 eru fjárhagsáætlun yfirstandandi árs og samþykkt þriggja ára áætlun 2014-16

Tekjur og útgjöld áætlun 2014



Útsvar

Áætlunin gerir ráð fyrir 12,44 % auk 1,20% vegna yfirtöku á málefnum fatlaðra, samtals 13,64% fyrir árið 2014 2017

Fasteignaskattar

Samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 62/1997 skal fasteignaskattur Norðuráls hf. til Hvalfjarðarsveitar vera 0,75% af verðmæti bygginga, athafnasvæðis og mannvirkja á lóð félagsins miðað við byggingavísitölu 1. desember 1996. Áætluð fasteignagjöld á Norðurál eru reiknuð samkvæmt þessu miðað við 260.000 tonna framleiðslugetu á ári. Álagning fasteignaskatta verður fyrir árið 2012:

A 0,47% vegna íbúðarhúsnæðis

B hluti 1,32 %

C hluta 1,65% vegna atvinnuhúsnæðis.

Álagningarlutfall á opinberar byggingar er 0,88%.

Vaxtamál

Áætlað er að vextir fari lækkandi árinu 2014 í samræmi við verðbólguþróun ríkisstjórnar og spá Seðlabanka Íslands.


Íbúafjöldi 620 manns

Í forsendum fjárhagsáætlunar fyrir árið 2014 -172 er gert ráð fyrir 1.0 % fjölgun íbúa.

Viðhald eigna

Gert er ráð fyrir viðhaldi og framkvæmdum við viðhald fasteigna sveitarfélagsins að upphæð um 18 milljónir kr.

Skipting fjármuna á málaflokka samkvæmt áætlun 2014



Áætlaðar framkvæmdir

Á árinu er fyrirhugað að ljúka framkvæmdum við ljósleiðaravæðingu sveitarfélagsins og eru áætlaðar 165 milljónir til verkefnisins.

Á árinu er gert ráð fyrir hitaveituvæðingu á köldum svæðum í sveitarfélaginu, áætlunin gerir ráð fyrir 15 milljónum króna til verkefnisins.

Vatnsveita

Gert er ráð fyrir að áfram verði unnið að vatnsöflun og uppbyggingu Vatnsveitu Hvalfjarðarsveitar og eru 8 milljónir til þess verks á árinu 2014 en 5,5 milljónir árlega á árunum 2015-2017

Áætlunin gerir ráð fyrir framkvæmdum við vatnsveitu í Hlíðarbæ fyrir 10 milljónir.

Gatnagerð

Í áætluninni fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir 15 milljónum vegna framkvæmda við Melahverfi II en ekki verður ráðist í framkvæmdir nema að tekjur komi á móti. Til lagfæringa og endurbóta stíga og gatna í eru áætlaðar 8 milljónir.

Lántaka

Áætlunin gerir ráð fyrir lántöku upp á 180 milljónum

Rekstrarniðurstaða Hvalfjarðarsveitar.


Samkvæmt rekstrarreikningi er jákvæð rekstrarafkoma um 33.696 milljónir og er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 55,3 millj. kr eða um 8 % af tekjum á árinu 2014

Handbært fé og fjárfestingarhreyfingar;


Handbært fé í árslok er áætlað 92,9 milljónir kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er áætluð 205 milljónir **2014-2017**

- Í áætluninni eru skilgreind verkefni ljósleiðaravæðing, hitaveituvæðing, uppbygging Melahverfis og kalt vatn. Frágangur við skilti, spjaldtölvur, endurmenntun starfsfólks.

Tekjur 2014-2017



Útgjöld 2014-2017



Hvalfjarðarsveit 27. nóvember 2013.
Laufey Jóhannsdóttir sveitarstjóri